

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2005.

1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.e. sorphirðu og sorpeyðingu, sbr. samþykkt nr. 615/2004 um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra fyrir árið 2005, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	kr.
a) Sorphirða og sorpeyðing frá íbúðum í þéttbýli og dreifbýli miðað við vikulega losun, 1 poki	12.600
b) Sorphirða og sorpeyðing frá íbúðum í dreifbýli miðað við losun á 2ja vikna fresti, 1 poki á viku	11.600
c) Íbúðir í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki – gámaþjónusta og sorpeyðing	8.100
d) Sumarhús - gámaþjónusta og sorpeyðing	5.500
e) Smærri fyrirtæki og stofnanir miðað við 1 pokagildi á viku (margf. í gámum skv. talningu) (fyrirtæki sjá um gáma þar sem þeir eru notaðir en Rangárþing ytra sér um flutning á förgunarstað og greiðir fyrir meðhöndlun úrgangsins þar). Sorphirðing og sorpeyðing	12.600
f) Stærri fyrirtæki, stofnanir, sláturhús og fyrirtæki með iðnaðarframleiðslu sjá sjálf um geymslu og flutning úrgangs til móttökustöðva og greiða fyrir meðhöndlun úrgangsins þar samkvæmt gjaldskrá mótökustöðvanna (ef Rangárþing ytra sér um flutning úrgangs frá þessum aðilum og/eða greiðir fyrir meðhöndlun úrgangsins til móttökustöðvanna, skal gera reikning á viðkomandi í samræmi við reikninga frá flutnings- og móttökuaðilum).	

Gjald fyrir eyðingu sorps er innifalið í framangreindri gjaldskrá, þ.e. kr. 4.500 fyrir íbúðir í þéttbýli og dreifbýli, smærri fyrirtæki og stofnanir margf. m.v. fjölda pokagilda og kr. 1.500 fyrir sumarbústaði.

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 13. janúar 2005 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2005 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 15. febrúar 2005.

Hellu, 17. febrúar 2005.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra,
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.